

Uppskrift og virðing á dánarbúi Guðmundar Ásmundssonar, 23. júní 1925 á Lyngum.
ÞÍ. Sýsl. Þí. Sýsl. Vík í Mýrdal. ED2/12 ör 5. Fylgiskjöl skiptaréttar 1920–1929.

Ár 1925, þriðjudaginn 23. júní, var hreppstjóri Leiðvallahrepps staddur að Ytri-Lyngum og virðingarmaður Hávarður Jónsson, en með því að annar virðingarmaður hreppsins var fjarverandi, var í hans stað mættur, að tilhlutan hreppstjóra, Sveinn Steingrímsson Langholti. Var þá tekið fyrir að uppskrifa og virða dánarbú Guðmundar Ásmundssonar hjer á bæ sem andaðist 13. febrúar þessa árs.

Erfingjar eru:

A. Faðir hins látna Ásmundur Jónsson (viðstaddur)

B. Alsystkyn hins látna:

1. Guðjón bóndi að Lyngum (viðstaddur)
2. Steinunn sama stað (viðstödd)
3. Jónína sama stað (fjarverandi)
4. Dagbjartur, Hruna I (viðstaddur)
5. Sigurjón, Reykjavík (fjarverandi)
6. Sveinbjörg S., Syðri-Fljótum (viðstödd)
7. Sigríður, Lyngum (viðstödd)

Fyrir hönd hinna fjarverandi erfingja er mættur, samkvæmt skriflegu umboði, bróðir þeirra Dagbjartur Ásmundsson.

Guðjón Ásmundsson sýndi og vísaði á muni búsins og voru þeir virtir sem hjer segir:

Tala	Munir búsins	Virðing
		Kr. au.
A. Fatnaður		
1. Alfatnaður		70 00
2. Jakki og buxur		40 00
3. Alfatnaður (mikið slitinn)		20 00
4. Alfatnaður (mikið slitinn)		20 00
5. Jakki og buxur (mjög ljeglegt)		10 00
6. Tvennar buxur (slitnar)		10 00
7. Tvær ullarpeysur (báðar ljeglar)		6 00
8. 2 ^{ar} nærbuxur og 2 skyrtur		30 00
9. Axlabönd		2 00
10. Trefill		2 00
11. Hálstau		1 50
12. Yfirsæng með 2 verum		18 00
13. Rúmteppi		30 00
14. 3 rekkjuvoðir		20 00

15.	3 húfur	6	00
16.	Klossar 2 pör	5	00
17.	1 ^{ir} stígvjelaskór	14	00
	B. Áhöld		
18.	Hnakkur og beisli (gamalt)	25	00
19.	Fjárbyssa	20	00
20.	2 úrfestar (ljelegar)	2	00
	C. Fríður peningur		
21.	1 hryssa 6 vетra	200	00
22.	34 ær 40/	1360	00
23.	7 gemlingar 30/	210	00
	D. Peningar		
24.	Líftryggingarfje (évist)		
25.	Arfahluti úr dánarbúi Guðlaugs Ásmundssonar (÷ erfðafjárvattur) .	341	20
26.	Stófnfje í sf. sl.?		

Samtals 2462 70

Fleiri fjármuna var ekki sagt til.

Viðurkendar skuldir á búinu

1.	Til Jónínu Ásmundsdóttur	95	00
2.	Til Dagbjarts Ásmundssonar	100	00
3.	Til Steinunnar Ásmundsdóttur	24	00
4.	Til bókasafnsins Siggu	29	97
5.	Til Guðjóns Ásmundssonar	18	00
6.	Þinggjald	6	20
7.	Útfararkostnaður	250	00
8.	Kostnaður við leit að líki Guðmundar	40	00
9.	Til Eyjólfs Eyjólfssonar lausamanns Hnausum	20	00
10.	Verslunarskuld(ir)	185	00
11.	Uppskriftarkostnaður:		
	a. Til hreppstjóra	6	00
	b. Til Hávarðar Jónssonar	5	00
	c. Til Sveins Steingrímsenar	5	00

784 17

Um fleiri skuldir er ekki kunnugt.

Eignir búsins verða framvegis í vörslu Guðjóns Ásmundssonar Lyngum þar til þeim verður ráðstafað af skiptarjettinum.

Dato ut supra

Eyjólfur Eyjólfsson

Hávarður Jónsson, Sveinn Steingrímsson
Ásmundur Jónsson, Guðjón Ásmundsson, Steinunn Ásmundsdóttir, Dagbjartur Ásmundsson,
Sveinbjörg Ásmundsdóttir, Sigríður Ásmundsdóttir

Rétta útskrift úr uppskriftarbók Leiðvallarhrepps staðfestir
Eyjólfur Eyjólfsson